

Í skrána skal festa mynd skírteinishafa, sams konar og í ökuskírteini hans og tekinni á sama tíma.

Fylgiskjöl með umsóknum um ökuskírteini skal geyma við embætti þar sem ökuskírteini var gefið út. Sama gildir um endurnýjanir. Fylgiskjöllum skal raða í tímaröð.

54. gr.

Taka skal spjöld af aðalspjaldskrá og raða á aukaskrá eftir sömu reglum, ef:

1. Skírteinishafi er látinn.
2. Skírteinishafi hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt.
3. Liðin eru 5 ár frá því ökuréttindi féllu úr gildi.

55. gr.

Pegar lögreglustjóri endurnýjar ökuskírteini sem upphaflega var gefið út í öðru umdæmi, gefur út samrit eða veitir aukin réttindi skal hann tilkynna það bréflega lögreglustjóra þeim sem upphaflega gaf skírteinið út, og getur hann þá breytingarinnar á spjaldskrá sinni.

VII. GILDISTAKA

56. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968 öðlast gildi 1. febrúar 1984. Ákvæði 3. másl. 3. máslgr. 7. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en 1. október 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., sbr. reglugerðir nr. 163 29. júlí 1965, nr. 186, 24. ágúst 1966 og nr. 285 28. september 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ**um gjöld fyrir einkaleyfi o. fl.**

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	kr.
a) Umsóknargjald	890,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	3 500,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	200,00
d) Forgangsréttarskjal	370,00

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	270,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	185,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi	370,00

3. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	2 900,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	11 000,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	22 000,00

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa nr. 643, 26. nóvember 1982 og reglugerð um einkaleyfisgjöld nr. 787, 28. desember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ**um gjöld fyrir vörumerki o. fl.**

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	1 550,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	350,00

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	1 550,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	350,00

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	2 600,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	350,00

4. gr.

Önnur gjöld eru:	kr.
a) Innritun í vörumerkjaskrá	270,00
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	185,00
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athuginin nær til	185,00

5. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrir en merkið hefur verið skráð.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.